

RÍKJARÁÐSTEFNA UM
AÐILD ÍSLANDS AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

SAMNINGSAFSTAÐA ÍSLANDS
10. kafli
Upplýsingasamfélagið og fjölmiðlar

Samantekt um samningsafstöðu

1. EES-samningurinn tekur að fullu til 10. kafla um upplýsingasamfélagið og fjölmiðla. Ísland innleiðir og beitir því regluverki sem varðar Evrópska efnahagssvæðið og fellur undir þennan kafla með samfelldum hætti.
2. Ísland fellst á sameiginlega regluverkið sem varðar 10. kafla um upplýsingasamfélagið og fjölmiðla eins og það stóð 17. nóvember 2010.¹ Ísland mun hafa lokið við innleiðingu á öllu regluverki, sem fellur undir þennan kafla fram til þess dags og ekki hefur verið innleitt, við aðild.
3. Ísland hefur þann löggjafar- og stofnanaramma sem er nauðsynlegur til að standa áfram að innleiðingu regluverksins í þessum kafla.
4. Ísland fer ekki fram á sérlausnir, undanþágur eða aðlögunartímabil vegna þessa kafla.

EES-samningurinn

Ísland hefur verið aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) síðan hann öðlaðist gildi árið 1994. Ísland hefur því tekið þátt í innri markaðinum í rúmlega 16 ár og innleitt alla viðeigandi löggjöf ESB með tilliti til fjórþætta frelsisins, sem og á öðrum mikilvægum sviðum á borð við rannsóknir og þróun, menntun, félagsmálafundum, umhverfismál, neytendavernd, ferðaþjónustu og menningarmál. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) fylgist reglulega með stöðu Íslands með tilliti til EES-samningsins og birtir tvisvar á ári upplýsingar um frammistöðu Íslands á innri markaðinum (e. internal market scoreboard).

Í þeim köflum sem EES tekur til hefur Ísland byggt upp löggjafar- og stofnanaramma sinn til samræmis við og til innleiðingar á regluverki ESB. EES-samningurinn tekur til 10. kafla um upplýsingasamfélagið og fjölmiðla.

Lagarammi

Lagaramminn er fyrir hendi til áframhaldandi innleiðingar þess regluverks sem þessi kafli tekur til. Ísland uppfyllir nú þegar kröfur Stafrænu áætlunarinnar fyrir Evrópu og er þátttakandi í Nefnd háttsettra embættismanna um Stafrænu áætlunina og í Rammaáætluninni um samkeppnishæfni og nýsköpun.

¹ Dagsetning seinni rýnifundar

Rafræn fjarskipti og upplýsingatækni

Meginlöggjöf um fjarskipti er að finna í lögum um fjarskipti nr. 81/2003 og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003, með áorðnum breytingum. Meginmarkmið laganna er að innleiða regluverk ESB um fjarskipti með því að koma á hagnýtum og öruggum fjarskiptum og tryggja að alþjónusta standi öllum notendum á Íslandi til boða. Ennfremur er fjöldi reglna og reglugerða í gildi um fjarskipti sem stuðla enn frekar að innleiðingu löggjafarinnar.

Ísland mun þarfnast tæknilegrar aðlögunar að því er varðar ákvörðun 2008/477/EB um samræmingu á tíðnisviðinu 2500–2690 MHz, þar eð þetta tíðnisvið er í notkun fyrir stafrænar sjónvarpssendingar.

Tæknileg aðlögun hefur verið gerð við reglugerð (EB) nr. 544/2009 um reiki á almennum farsímanetum hvað Ísland varðar. Þessi aðlögun lýtur að viðskiptum með gjaldeyri sem eru ákveðin með því að nota viðmiðunargengi sem Seðlabanki Evrópu birtí í Stjórnartíðum Evrópusambandsins. Þar sem Seðlabanki Evrópu skráir ekki opinbert viðmiðunargengi íslensku krónunnar, skal opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands gilda.

Allar tilskipanir á sviði fjarskipta hafa verið teknar upp í íslenskan landsrétt að undanskilinni tilskipun 2006/24/EB um varðveislu gagna.

Þjónusta innan upplýsingasamfélagsins

Ísland hefur lögleitt tilskipanir um rafrænar undirskriftir, rafræna verslun, tilkynningar og skilyrtan aðgang. Breyting verður lögð fram á lögum um fjarskipti á árinu 2011 í því skyni að rýmka lögverndun þannig að hún nái til búnaðar fyrir skilyrtan aðgang, annan en afkóðara fyrir hljóð- og sjónvarpsþjónustu, eins og krafa er gerð um samkvæmt tilskipun 98/84/EB um skilyrtan aðgang.

Gerð er grein fyrir stefnu stjórnvalda í málefnum upplýsingasamfélagsins fyrir tímabilið 2008-2012 í stefnuskránni „*Ísland, rafrænt þjóðfélag*“. Markmið stefnunnar er að bjóða fram neytendavæna og skilvirka þjónustu á einum stað. Grunnstoðir stefnunnar eru þrjár: þjónusta, skilvirkni og framfarir. Hverri grunnstoð tengjast tiltekin markmið, ásamt upptalningu ráðstafana. Helsti markhópur, sem stefnan tekur til, er einstaklingar sem leita eftir þjónustu opinberrar stjórnsýslu.

Auk þeirra markmiða sem stefnan í málefnum upplýsingasamfélagsins tekur til hafa stjórnvöld sett sér markmið á mörgum sérsviðum sem einnig er mikilvægt að ná jafnhliða því að stefnan kemur til framkvæmda. Sem dæmi má nefna framtaksverkefnið *Einfaldara Ísland*, rafræn auðkenni (eIDs), stefnu í fjarskiptamálum, áætlanir velferðarráðuneytisins um rafrænar heilsufarsskrár og heilsunet, áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins um upplýsingatækni á mennta, menningar- og vísindasviði, landsstefna stjórnvalda um frían og opinn hugbúnað, áætlun um skilvirkan opinberan rekstur og stefnu í málefnum opinberra innkaupa. Ríkjandi stefna er ennfremur nátengd ýmsum umhverfismarkmiðum, þar sem fjarskipti, fjarfundir, fjarnám og aukin þjónusta hins opinbera um netið stuðla að minni ferðalögum og þar með minni mengun.

Stefnan í málefnum upplýsingasamfélagsins fyrir tímabilið 2008-2012 er sambærileg við *i2010 – upplýsingasamfélagið í Evrópu í þágu hagvaxtar og atvinnu*. Fyrri stefna stjórnvalda í málefnum upplýsingasamfélagsins fyrir tímabilið 2004-2007 var einnig sambærileg við *Rafræna Evrópu* (eEurope).

Stefna í málefnum hljóð- og myndmiðlunar

Löggjöf Íslands er í samræmi við sameiginlegt regluverks ESB á sviði stefnunnar í málefnum hljóð- og myndmiðlunar. Lagaramminn um hljóð- og myndmiðlaþjónustu og sjónvarp er útvarpslög nr. 53/2000. Tilskipun 97/36/EB um sjónvarp án landamæra, með áorðnum breytingum, var innleidd með útvarpslögunum. Fyrir liggur að tilskipun um hljóð- og myndmiðlaþjónustu (2010/13/ESB) verði tekin upp í íslenska löggjöf með nýjum fjölmiðlalögum árið 2011. EFTA-ríkin innan EES hafa innan EES-samstarfsins lagt fram tillögu um aðlögunartexta um útvíkkun banns við auglýsingu áfengra drykkja, í útsendingum um stafræn sjónvarpsnetkerfi á jörðu niðri frá erlendum sjónvarpsstöðvum, sem senda einungis efni til tiltekins EFTA/EES ríkis og á tungumáli þess.

Stofnanarammi

Stofnanarammi til áframhaldandi innleiðingar regluverks þessa kafla er fyrir hendi.

Rafræn fjarskipti og upplýsingatækni

Reglurammi um fjarskiptanet og þjónustu og tíðnisvið fyrir þráðlausar sendingar heyrir undir innanríkisráðherra.

Póst- og fjarskiptastofnun annast stjórnslu vegna rafræna fjarskipta og póstmála, eins og lögin um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 kveða á um. Póst- og fjarskiptastofnun annast einnig um tíðnisvið og um úthlutun tíðna og númera. Póst- og fjarskiptastofnun hefur 24 starfsmenn um þessar mundir sem starfa í fimm deildum; tæknideild, greiningardeild, lagadeild, rekstrardeild og skrifstofa forstjóra. Póst- og fjarskiptastofnun er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn innanríkisráðherra. Ráðherrann skipar forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar til fimm ára í senn með heimild til endurráðningar og stjórnar hann rekstri stofnunarinnar. Stjórn Póst- og fjarskiptastofnunar fjallar um allar meiri háttar ákvarðanir stofnunarinnar, en forstjórinn samþykkir þær eða hafnar. Í stjórninni sitja forstjóri og yfirmenn tækni-, greiningar- og lagadeildar. Formlegar ákvarðanir eru teknar og árleg vinnuáætlun Póst- og fjarskiptastofnunar er framkvæmd innan stofnunarinnar án afskipta ráðuneytisins. Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar sæta kæru til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála eða þeim má vísa beint til dómstóla.

Íslensk stjórnslu hefur næga getu til að halda áfram að innleiða regluverk um rafræn fjarskipti og upplýsingatækni.

Þjónusta innan upplýsingasamfélagsins

Almennt skipulag þjónustu innan upplýsingasamfélagsins og rafrænnar stjórnsýslu er byggt á miðstýrðri stefnumótun en dreifstýrðri framkvæmd. Forsætisráðuneytið samræmir vinnu við stefnumótun og framkvæmd hennar. Tveir starfsmenn vinna í þeirri deild í forsætisráðuneytinu sem annast málefni upplýsingasamfélagsins. Framkvæmd stefnu er á verksviði hlutaðeigandi ráðuneyta og stofnana allt eftir hlutverki og viðfangsefni hvers og eins. Samband íslenskra sveitarfélaga er samstarfsvettvangur sveitarfélaganna.

Íslensk stjórnsýsla hefur næga getu til að halda áfram að innleiða regluverk um þjónustu innan upplýsingasamfélagsins.

Stefna í málefnum hljóð- og myndmiðlunar

Lögbært yfirvald, að því er varðar stefnu á sviði hljóð- og myndmiðla, er mennta- og menningarmálaráðuneytið. Útvarpsréttarnefnd, sem mennta- og menningarmálaráðherra skipar, er eftirlitsaðili, en fjallar ekki um stefnumál á sviði hljóð- og myndmiðlunar. Nefndin veitir lögaðilum og einstaklingum tímabundið sjónvarps- og hljóðvarpsleyfi og fylgist með hvort reglum samkvæmt sjónvarps- og hljóðvarpsleyfum sé fylgt. Nefndin hefur og umsjón með framkvæmd útvarpslaga, þ.m.t. umsjón með útvarpi innan íslenskrar lögsögu skv. 2. og 3. gr. laganna.

Póst- og fjarskiptastofnun gerir ráðstafanir vegna notkunar ýmissa hluta tíðnisviðsins fyrir útvarpsendingar og úthlutar útvarps- og sjónvarpsstöðvum og rekstraraðilum netkerfa rétti á tíðnisviði.

Íslenska stjórnsýslan hefur næga getu til áframhaldandi innleiðingar á regluverki um stefnu í málefnum hljóð- og myndmiðlunar.

Samþykkt regluverks ESB

Ísland fellst á sameiginlega regluverkið í 10. kafla um upplýsingasamfélagið og fjölmiðla eins og það stóð 17. nóvember 2010. Ekki er farið fram á sérlausnir, undanþágur eða aðlögunartímabil í þessum kafla.